

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um einkennisbúning hrepps- 49
stjóra. — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, framkomnum eptir 24. febr. móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 28. nóvbr. f. á., hefir hans hátign konunginum hinn 21. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að í stað þess einkennisbúnings, er ákveðinn er með allrahæstum úrskurði 21. júlí 1808, og amtmennirnir mega leyfa hreppstjórum þeim að bera, er sjálfir óska þess, megi skipa fyrir um þannig lagaðan einkennisbúning: dökkbláan frakka eða jakka með tvöfaldri röð messingsknappa með hinu venjulega lögreglueinkenni, hönd með auga, samsvarandi yfirhöfn, vesti og buxur, dökkblá að lit, vestið með einni röð messingsknappa, og loks dökkbláa derhúfu flata með tvöföldum gullborða og mjórri snúru grænni ámilli.

Þetta er yður hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 50
um hlunnindi handa sparisjóði (Siglufjarðar). — Með brjefi þessu eru sparisjóðnum á 4. apríl. Siglufirði veitt sparisjóðshlunnindi með venjulegum kjörum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu 51
um framfærslu. — Með brjefi, sem hingað hefir borizt beina leið, hefir hrepps- 10. apríl. nefndin í Saudaneshreppi skotið til mín úrskurði yðar, herra amtmaður, dagsett- um 29. júní f. á., um ágreining milli Saudaneshrepps í Þingeyjarsýslu og Valla- hrepps í Suðurmúlasýslu útaf styrk, veittum Baldvin nokkrum Þorsteinssyni.

Máli þessu er svo varið. Um vorið 1893 var Baldvin nokkur Þorsteins- son á ferð vestan úr Núpasveit til heimilis síns, Fagraness, sem er austanvert á Langanesi, en varð þá sturlaður á geðsmununum, svo að hann komst eigi lengra en að Ytra Lóni, sem er vestanvert á Langanesinu. Þar varð að taka hann til gæzlu sökum brjálsemi. Það sjest á skjölum málsins, að konu Bald- vins hefir verið gjört aðvart um þetta, því að 4. maí 1893 beiðist hún þess skriflega af hreppsnefndaroddvitanum í Saudaneshreppi, að hann annist um að Baldvin sje útveguð læknishjálp og aðhjúkrnn, með því að hún hafi hvorki kringumstæður eða þrek til að hirða hann, og biður hún oddvita, »yfir höfuð að ráða að öllu leyti fyrir því og framúr því, sem til vandræða horfir með hann«. Samkvæmt þessu virðist nefndur hreppsnefndaroddviti hafa útvegað menn til þess að gæta Baldvins og látið sækja lækni handa honum. Kostnaðurinn við þessar ráðstafanir oddvita hefir verið greiddur af sveitarsjóði með 20 kr. 91 e., er sundurliðast þannig: fyrir fyrirhöfn oddvita við að útvega menn til að vaka yfir Baldvin 3 kr., kostnaður við ferð lækni 17 kr. 91 e., en vökumennirnir kröfðust engrar borgunar. Framlags Saudaneshrepps, 20 kr. 91 e., krafðist hrepps- nefndin síðan af fæðingarhreppi Baldvins, Vallahreppi í Suðurmúlasýslu, með því að hann, sem veturinn 1892—93 er talinn 48 ára, hafði eptir því, sem ómót-